

## AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 26. okt. s. l. samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands:

## 1. gr.

46. gr. b 1 orðist svo:

„Nám í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands miðast við þrjú kennsluár, en kennsla á þriðja námsári fer þó ekki fram, nema þrír stúdentar hið fæsta séu skráðir til náms. Próf eru haldin í lok hvers kennslutímabils.“

## 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 6. nóvember 1963.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 83.

18. nóvember.

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í opinbera heimsókn til Bretlands.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 18. nóvember 1963.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 84.

3. desember.

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 3. desember 1963.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*